



Pétur Már Sigurðsson, sérfræðingur í gervigreindarlausnum hjá Javelin AI

Menntun í heimi gervigreindar

Það er oft sagt að ef þú ert með háskólagráðu sértu með tryggt atvinnuöryggi og góð laun. En nú er gervigreind (AI) komin til sögunnar og hún virðist skrifa ritgerðir, forrita, skipuleggja viðburði og greina gögn betur en sérfræðingar á öllum mögulegum sviðum.

Þá er stóra spurningin: Er gervigreindin raunveruleg ógn fyrir háskóla-menntað fólk eða er hún kannski besti samstarfsfélagi sögunnar?

Hvað gerist þegar fólk notar AI í vinnunni? Það verður sneggra, skarp-ara og – samkvæmt Harvard og MIT – allt að 40% afkastameira í því sem það gerir. Gervigreindin eykur framleiðni og dregur úr álagi. En þessi ávinningur á ekki við um alla heldur fólk sem lærir að vinna með hana – ekki fólkið sem hræðist hana.

ChatGPT og önnur gervigreind markar ekki endalok menntunar eða skrifstofuvinnu heldur nýtt upphaf og krefst þess að við aðlöfum okkur. Við þurfum því að fara að kenna í skólum „hvernig á að hugsa með gervigreind“.

Til að menntakerfið haldi í við hraða þróun gervigreindar þarf það

að endurskilgreina markmið sín og aðferðir. Áherslan ætti að færast yfir á gagnrýna hugsun, skapandi lausnir og hæfni til að spyrja réttu spurninganna. Og það þarf alfarið að hætta að líta á gervigreind sem ógn heldur samþætta hana í nám og kennslu – ekki sem staðgengil heldur sem samstarfsaðila.

Gervigreind er í raun stærsta tækifæri menntunar frá upphafi til að verða lifandi, sveigjanleg og persónuleg – þar sem nemendur læra ekki bara af bókum heldur notfæra sér líka vél-menni sem getur speglað hugmyndir þeirra, rifjað upp lykilatriði og ýtt undir dýpri skilning. Þetta er ekki spurning um tæki, heldur um menntun sem þjálfar fólk í að hugsa sjálfstætt – með tæknina sem bandamann, ekki hindrun.

Ef þú býrð að menntun og lærir að vinna með gervigreind ertu alls ekki í hættu, heldur í yfirburðastöðu. Gervigreind kemur ekki í staðinn fyrir manneskjur – hún er „magnari“ mann-eskjunnar. Hún magnar þekkingu, yfirsýn, og hæfileika hjá þeim sem vissu áður hvað þeir voru að gera.

”

Þetta er ekki spurning um tæki, heldur um menntun sem þjálfar fólk í að hugsa sjálfstætt – með tæknina sem bandamann, ekki hindrun

Gervigreind mun ekki útrýma menntun. En hafðu það í huga að menntun er ekki bara eitthvað sem þú „klárar“. Þeir sem halda áfram að læra, prófa, efast, þróa hæfni sína með tækninni og beita gagnrýnni hugsun eru í kjörstöðu einmitt núna.